

Ársskýrsla
Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Selma Barðdal Reynisdóttir skólameistari

Efnisyfirlit

Ágrip skólameistara 3
Hlutverk og markmið skólans 4
Stefna 4
Nemendur og námsframboð 6
Nemendafjöldi 6
Námsframboð 6
Skipting nemenda á brautir 7
Samstarf við aðra skóla 9
Aldursdreifing nemenda 9
Búseta nemenda 10
Fjöldi brautskráðra eftir brautum vor 2025 11
Dreifnám 12
Fjarnám 12
Skipulag náms 12
Samstarf 13
Samstarf við nærsamfélagið 13
Alþjóðlegt samstarf 13
Starfsfólk 14
Jafnlaunavottun 16
Húsnæðismál 16
Gæðastarf 17
Rekstur 17
Félagslíf nemenda 18

Ágrip skólameistara

Í þessari skýrslu er farið yfir starfsemi skólans á vor- og haustmisseri 2025, þar á meðal nám og störf nemenda, starfsmannahald, rekstur og aðra lykilþætti í skólastarfinu sem og þau verkefni sem mennta- og barnamálaráðuneyti og stjórnendur skólans hafa gert samkomulag um og birtast í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára.

Skólastarf gekk almennt vel á vormisseri og var með hefðbundnum hætti. Nemendum við skólann hefur fjölgað á undanförnum árum og aðsókn að námi verið góð. Sérstaklega var mikil eftirspurn eftir iðn- og starfsnámsbrautum, sem og helgarnámi og námi í meistaraskóla, á báðum misserum.

Á haustmisseri urðu breytingar í stjórnendateymi skólans sem leiddu til nokkurra tilfærslna í starfsmannahaldi. Á sama tíma dró úr þátttöku í dreifnámi og á haustönn var það eingöngu starfrækt á Blönduósi og Hólmavík, og dreifnám á Hvammstanga lagt niður tímabundið.

Starfsbraut skólans heldur áfram að vaxa og gegnir mikilvægu hlutverki í að mæta þörfum nemenda með fjölbreyttan bakgrunn. Þar er lögð áhersla á að efla færni nemenda til að takast á við daglegt líf, störf, tómstundir og áframhaldandi nám með einstaklingsmiðaðri nálgun.

Félagslíf nemenda var öflugt og fjölbreytt, með hefðbundnum viðburðum á borð við menningarkvöld, árshátíð, opna daga og leiksýningu á vorönn. Jafnframt var unnið markvisst að því að bæta tómstundaaðstöðu nemenda, bæði í bóknámshúsi og á heimavist.

Erlent samstarf var áfram virkt þar sem nemendur tóku þátt í námsferðum erlendis og tóku á móti gestum frá samstarfsskólum. Nemendur skólans tóku einnig þátt í Gettu betur og náðu þar góðum árangri.

Áhersla var lögð á að taka vel á móti nýnemum á haustönn. Þá var haldin svokölluð starfamessa í skólanum að frumkvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þar sem nemendum og grunnskólanemendum af upptökusvæði skólans gafst kostur á að kynna sér nám og atvinnutækifæri á svæðinu.

Hlutverk og markmið skólans

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hlutverk skólans er að veita nemendum haldgóða og fjölbreytta framhaldsskólamenntun sem nýtist þeim til frekara náms og starfa, auk þess að efla þá sem virka og gagnrýna þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Skólinn leggur áherslu á að nemendur öðlist þekkingu, leikni og hæfni í námi sem byggir á vönduðum vinnubrögðum, víðsýni, vinnusemi og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Í starfi skólans er lögð rík áhersla á að skapa umhverfi sem stuðlar að vellíðan, heilbrigðum lífsháttum og velferð nemenda og starfsfólks. Samskipti innan skólans einkennast af virðingu, jafnrétti og lýðræðislegum gildum þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum.

Skólinn leitast við að mæta hverjum nemanda á eigin forsendum og tryggja honum stuðning og hvatningu í námi. Námsframboð skólans er afar fjölbreytt, þ.e. bóknám, iðnnám og starfsnám sem tekur mið af þörfum nemenda og þróun samfélagsins. Kennsluhættir eru sveigjanlegir og námsmarkmið skýr og aðgengileg, með það að markmiði að styðja árangursríkt nám og efla ábyrgð nemenda á eigin námi.

Markmið skólans er að búa nemendur sem best undir framtíðina með því að styrkja hæfni þeirra til að nýta þekkingu sína á uppbyggilegan hátt, taka upplýstar ákvarðanir og takast á við síbreytilegt samfélag. Jafnframt er unnið markvisst að því að tryggja jafnan aðgang að gæðanámi, draga úr brotthvarfi og styðja nemendur til að ljúka námi með farsælum hætti.

Stefnumótun

Liður í stefnumiðaðri áætlun, sem gerð er til þriggja ára og skilað er inn til mennta- og barnamálaráðuneytis, er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst.

Leiðir að kjarnamarkmiðum voru m.a. þær að lögð var rík áhersla á kynningar starfs- og iðnnáms fyrir grunnskólanemendur sem búsettir eru á upptökusvæði skólans sem og foreldra þeirra. Samtal og samstarf við atvinnulífið og nærsamfélagið hefur til langs tíma verið afar gott. Sem dæmi var unnið að gerð matvælabrautar í samstarfi við Kaupfélag Skagfirðinga og nemendum Árskóla á Sauðárkróki hefur verið boðið upp á val í m.a. málm-, rafmagns- og trésmiðju grunnskólanema.

Eins og fram kemur í skýrslunni er lögð rík áhersla á stoðþjónustu innan skólans, stoðþjónusta nemenda er vel mönnuð og á í góðum tengslum bæði við sveitarfélög á

upptökusvæði skólans sem og Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Skólinn á jafnframt sæti í Farsældarráði Norðurlands vestra. Einnig hefur skólinn bætt verulega í stoðtíma fyrir nemendur sem og stuðning við nemendafélagið við að efla félagslíf nemenda. Er það í góðu samræmi við markmið um kjarnastarfsemi sem og samræmd markmið fyrir skólaárin 2024–2027.


Kennarar hafa verið hvattir til að leita leiða til að efla sig í starfi, bæði innanlands og utan, og þeir hafa verið duglegir við að sækja námskeið og fara í skuggakennslu. Skólinn hélt líka starfsþróunardag framhaldsskóla á Norðurlandi í september 2025 og sóttu hátt í þrjú hundruð starfsmenn skólanna FNV heim þann dag. Starfsþróunarteymi skólans tók til starfa á haustdögum 2025 og vinnur að skipulagningu starfsþróunar næsta árs.

Hvatt er til áframhaldandi umræðna um jafnréttismál og haldið áfram með könnun launa gegnum jafnlaunavottun. Rekstur skólans hefur verið í nokkuð góðu jafnvægi undanfarin ár. Vel hefur gengið að stýra námsframboði og hópastærðum sem og að halda utan um rekstur almennt.

Nemendur og námsframboð


Nemendafjöldi

Á heildina litið hefur nemendum í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra fjölgað mörg undanfarin ár. Á haustönn 2025 voru 870 nemendur skráðir í nám. Karlkyns nemendur voru 403 talsins en kvenkyns nemendur 467. Á stúdentsbrautum voru 199 nemendur, í iðnnámi 250 nemendur, í sjúkraliðanámi 213 nemandi, í hreinu fjarnámi voru 130 nemendur. Í kvikmyndanámi voru 17 nemendur, á starfsbraut 30 nemendur og 31 grunnskólanemandi var í verknámssmiðjum. Nemendur í námsverum á Blönduósi og Hólmavík eru taldir með í tölum hér að ofan.



Mynd 1 Nemendafjöldi árin 2021-2025

Nemendum sem innritast beint úr grunnskóla í dagskóla fækkaði ögn á milli ára (sjá mynd 2) en síðastliðin 8 ár hafa á bilinu 54 til 83 innritast árlega.



Mynd 2 Nemendafjöldi innritaður beint út grunnskóla árin 2021-2025

Námsframboð

Námsframboð í FNV er fjölbreytt og samanstendur af hefðbundnum bóknámsbrautum, iðnnámsbrautum eins og húsasmíði, rafvirkun og vélvirkjun, og starfsnámi eins og vélstjórnarbrautum A og B, sjúkraliðanámi og kvikmyndabraut. Einnig er hægt að ljúka stúdentsprófi af hestabraut og kvikmyndagerðarbraut. Iðngreinar eins og bifvélavirkjun og rafveituvirkjun voru kenndar á árinu 2025 en safnað er í hópa í þeim greinum. Við skólann er starfrækt vinsæl íþróttaakademía í góðu samstarfi við íþróttafélög á svæðinu. Nemendum á starfsbraut hefur fjölgað undanfarin ár og frá hausti 2025 hefur starfsbrautarnemendum frá Blönduósi verið ekið daglega í skólann.


Mikil eftirspurn er eftir helgarnámi í iðngreinum og þar er alla jafna biðlisti. Sama máli gegnir um meistaraskóla. Vísað er til skólanámskrár fyrir nánari upplýsingar um námsframboð.

Skipting nemenda á brautir

Braut	Nemendur	Einingar
10. bekkur	31	90
Bifvélavirkjun	13	230
Búfræðibraut	3	99
Félagsvísindabraut	52	1226
Fjölgreinabraut	81	2009
Fjarnámsbraut	130	1198
Hestabraut	14	428
Húsasmiðabraut	78	1993
Kvikmyndabraut	17	201
Meistaraskóli	31	322
Náttúruvísindabraut	42	1255
Rafvirkjun	67	1716
Rafvirkjun vélstjóra	9	180
Rafveituvirkjun	15	155
Sjúkraliðabrú	21	310
Sjúkraliðabraut	192	3438
Starfsbraut	30	831
Tæknistúdent	7	130
Vélstjórnarbraut A	1	10
Vélstjórnarbraut B	6	140
Vélvirkjun	30	831
Samtals	**870**	**16792**

Tafla 1 Skipting nemenda á brautir haust 2025 og einingafjöldi, allir nemendur

Kynjadreifing nemenda á brautir er ekki jöfn. Mun fleiri drengir stunda iðnnám en stúlkur og einungis einn drengur stundar nám á hestabraut. Mun fleiri konur en karlar eru í sjúkraliðanámi. Alltaf eru þó einhverjar stúlkur í iðnnámi og haustið 2025 keppti stúlka sem útskrifaðist úr FNV á Euroskills fyrir hönd Íslands í húsasmíði. Nauðsynlegt er fyrir stúlkur í iðnnámi að hafa slíka fyrirmynd.



Mynd 3 Freyja Lubina Friðriksdóttir, húsasmiður frá FNV keppti á Euroskills haustið 2025 fyrir Íslands hönd. Mynd tekin á Euroskills-keppninni í Danmörku.

Samstarf við aðra skóla

FNV er í samstarfi við aðra skóla um kennslu nokkurra brauta, t.d. er búfræðibraut í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og sjúkraliðanám er í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands. Á mynd 4 má sjá skiptingu nemenda skólans í aðalskóla og aukaskóla, en einnig fjölda þeirra nemenda sem koma í verknámssmiðjur o.fl. úr Árskóla á Sauðárkróki.

Braut	Aðalskóli	Aukaskóli	Grunnskóli	Alls
10. bekkur			31	**31**
Bifvélavirkjun	13			**13**
Búfræðibraut	3			**3**
Félagsvísindabraut	43	9		**52**
Fjölgreinabraut	74	7		**81**
Fjarnámsbraut	56	74		**130**
Hestabraut	14			**14**
Húsasmiðabraut	70	8		**78**
Kvikmyndabraut	11	6		**17**
Meistaraskóli	31			**31**
Náttúruvísindabraut	40	2		**42**
Rafvirkjun	67			**67**
Rafvirkjun vélstjóra	9			**9**
Rafveituvirkjun	15			**15**
Sjúkraliðabrú	20	1		**21**
Sjúkraliðabraut	141	51		**192**
Starfsbraut	30			**30**
Tæknistúdent	7			**7**
Vélstjórnarbraut A	1			**1**
Vélstjórnarbraut B	6			**6**
Vélvirkjun	26	4		**30**
Samtals	**677**	**162**	**31**	**870**

Tafla 2 Skipting nemenda á brautir haust 2025, aðalskóli, aukaskóli og grunnskólanemendur

Aldursdreifing nemenda

Nemendur í FNV eru á breiðu aldursbili en þeir yngstu eru á síðasta ári í grunnskóla, og stunda nám í verknámssmiðjum og að þessu sinni einnig í upplýsingatækni.


Fæðingarár	Fjöldi
seinna en 2009	44
2009	65

2008	97
2007	103
2006	47
2001-2005	158
fyrir 2001	356
Alls	**870**

Tafla 3 Aldursdreifing nemenda í FNV

Búseta nemenda

Flestir nemendur FNV koma af Norðurlandi vestra eins og skífuritið sýnir. Athyglisvert er að rúmlega helmingur nemenda kemur úr öðrum landshlutum.



Skiptingu nemenda eftir póstnúmerum á upptökusvæði skólans (500–580, Strandir og Norðurland vestra) má sjá í töflu 4.

Póstnúmer og staður	Fjöldi nemenda
500 Staður	3
510 Hólmavík	4
520 Drangsnes	3
530 Hvammstangi	26

531 Hvammstangi	10
540 Blönduós	36
541 Blönduós	13
545 Skagaströnd	18
546 Skagaströnd	2
550 Sauðárkrókur	178
551 Sauðárkrókur	31
560 Varmahlíð	9
561 Varmahlíð	21
565 Hofsós	6
566 Hofsós	6
570 Fljót	1
580 Siglufjörður	9
Samtals	**376**

Tafla 4 Skipting nemenda eftir póstnúmerum á upptökusvæði

Fjöldi brautskráðra eftir brautum vor 2025

Brautskráning fór fram miðvikudaginn 28. maí í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Alls brautskráðist 161 nemandi um jól 2024 eða að vori 2025. Alls voru gefin út 186 prófskírteini (sjá töflu 5).

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	11
Fjölgreinabraut	30
Hestabraut-2015	2
Húsasmiðabraut	40
Íþróttaakademía	2
Kvikmyndabraut	10
Meistaranám byggingagreina	11
Meistaranám iðngreina	1
Náttúruvísindabraut	9
Rafvirkjun	11
Rafvirkjun vélstjóra	3
Sjúkraliðabraut	17
Sjúkraliðabrú	12
Starfsbraut 4	4
Stúdentsbraut starfsnáms	18
Vélstjórnarbraut A	3
Vélstjórnarbraut B	1
Vélvirkjun	1
Samtals	**186**

Tafla 5 Brautskráðir eftir námsleiðum

Dreifnám

FNV hefur boðið upp á dreifnám á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Dreifnám er fólgið í því að nemendur geta stundað nám við skólann frá þessum stöðum. Markmiðið er að nemendur geti búið lengur heima, geti lokið almennum greinum iðnbrauta og kjarnagreinum stúdentsbrauta, a.m.k. þeim áföngum sem eru á 1. og 2. þrepi. Á hverjum stað eru umsjónarmenn sem fylgjast með nemendum og aðstoða þá eftir þörfum. Dreifnámsnemendur koma á Sauðárkrók í námslotur en miðað er við að nemendur komi í 10 daga yfir hverja önn. Þá gefst dreifnámsnemendum tækifæri til að hitta samnemendur sína og taka þátt í félagslífi skólans.

Á haustönn 2025 voru ekki nemendur í dreifnámi á Hvammstanga. Skráning í dreifnám hefur farið minnkandi á undanförnum árum.

Fjarnám

Skólinn býður upp á öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnám hefur verið mjög mikil á síðustu árum. Samskipta- og námsumhverfið Moodle er notað í fjarnámi eins og í dagskóla. Sjúkraliðanámið er samvinna þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Verkmenntaskóla Austurlands og Menntaskólans á Ísafirði. Skólarnir skipta með sér kennslu í sérgreinum sjúkraliðabrautar og eru áfangarnir kenndir eingöngu í fjarnámi á netinu. Hver skóli fyrir sig sér síðan um sína nemendur hvað varðar verklega áfanga, svo sem líkamsbeitingu og verklega hjúkrun ásamt vinnustaðanámi. Nemendur koma á Sauðárkrók í námslotu og ljúka þannig við áfanga í líkamsbeitingu og verklegri hjúkrun. FNV tekur á móti nemendum úr 10. bekk og býður þeim upp á fjarnám í almennum greinum, svo sem stærðfræði, íslensku og ensku ef nemendur hafa lokið við námsmarkmið 10. bekkjar.

Skipulag náms

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki starfar eftir áfangakerfi. Í því felst að námsefni í einstökum námsgreinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru eina önn í senn. Tvær jafngildar annir eru á hverju skólaári, haustönn og vorönn.

Allt nám í skólanum er metið til námseininga. Ein námseining samsvarar u.þ.b. þriggja daga vinnu. Nemendur velja sér sjálfir áfanga á hverri önn og bera þannig ábyrgð á skipulagi náms síns.

Við upphaf kennslu skulu nemendur fá aðgang að kennsluáætlun þar sem fram koma m.a. upplýsingar um námsmarkmið viðkomandi námsáfanga, áætlun um yfirferð, námsmat og listi yfir námsgögn.

Námsbrautir er það samval áfanga sem nemendum stendur til boða í skólanum. Nemendur brautskrást eftir að hafa lokið námi á tiltekinni námsbraut. Í brautalýsingum eru tilteknir þeir áfangar sem tilheyra hverri braut. Ýmsir námsáfangar eru sameiginlegir mörgum námsbrautum og í þeim er nemendum raðað saman í kennsluhópa án tillits til þess á hvaða braut þeir eru skráðir.

Flestum námsbrautum til stúdentsprófs er skipt í kjarna, sem samanstendur af 120 námseiningum, sérgreinum brautar sem oftast samanstendur af 55 námseiningum og 35 einingum í óbundnu vali.

Samstarf

Samstarf við nærsamfélagið

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra leggur sig fram um að eiga í góðu samstarfi við hagsmunaaðila og aðra á sínu svæði. FNV á fulltrúa í forvarnarteymi Skagafjarðar og er í miklu samstarfi við lögregluna á Norðurlandi vestra. Þá er skólinn í samstarfi við Hús frítímans á Sauðárkróki um aðgang nemenda að tómstundaaðstöðu þar og hefur unnið með svæðisstjóra UMFÍ um sérstakan áfanga í sjálfboðaliðastörfum. Mikið samstarf er einnig við Ungmennafélagið Tindastól í tengslum við íþróttaakademíu skólans.

Til margra ára hefur hestabraut skólans átt í farsælu samstarfi við Háskólann á Hólum en nemendur fara í gegnum knapamerkjakerfi sem þróað var í háskólanum og fara t.d. í Hóla til að taka þátt í æfingakennslu Hólanema.

Skólinn leggur sömuleiðis mikla áherslu á samstarf og samráð við atvinnulífið og samtök fyrirtækja um frekari uppbyggingu námsframboðs. Skólinn hefur átt gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir um nám og kennslu í húsasmíði, bifvélavirkjun, kvikmyndagerð, fisktækni, slátraranámi, fyrirhugaðir matvælabraut o.s.frv. Þess má geta að kennsla í þessum greinum hefur farið að hluta til fram í húsnæði fyrirtækja á Sauðárkróki.

Alþjóðlegt samstarf

Nemendur og kennarar fengu tækifæri til að ferðast víða og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum í samvinnu við jafnaldra og samstarfsfólk víðs vegar að úr Evrópu.

Heimsóknir voru farnar til Tékklands, Póllands, Þýskalands, Belgíu, Eistlands, Spánar og Danmerkur, þar sem unnið var að spennandi og fjölbreyttum viðfangsefnum.

Slík verkefni eru ómetanleg fyrir skólastarfið, ekki aðeins hvað varðar faglegt innihald, heldur einnig vegna þess hvernig þau stuðla að persónulegum þroska nemenda, víkka sjóndeildarhringinn og styrkja alþjóðavitund. Auk þess eru þau afar skemmtileg, krefjandi og gefandi – og minna okkur á að þrátt fyrir ólíkar aðstæður glímum við öll við svipuð verkefni og áskoranir, hvar sem við erum í álfunni.

FNV tekur sem þátt í verkefni sem snýst um nýtingu tækni og tölvunýunga í kennslustarfinu. Starfsbraut tók þátt í verkefni sem snýr að inngildingu og fór í útskriftarferð til Danmerkur á vordögum 2025. Málmiðndeild hefur tekið þátt í langtímaverkefni um inngildingu, hönnun búnaðar fyrir hreyfihamlaða og tækni og fóru kennarar og nemendur í heimsóknir erlendis í tengslum við það auk þess að taka á móti samstarfsfólki í heimsókn til Íslands. Eitt verkefni enn snýr að seiglu og hvernig hægt er að hafa áhrif á nemendur til sjálfshjálpar. Flest þessara verkefna eru á vegum Nordplus eða Erasmus. Að auki hafa bæði kennarar og starfsfólk sótt námskeið erlendis.




Mynd 4 „Inclusion for all“ - nemendur og kennarar í málmiðnardeild ásamt fulltrúum annarra þjóða í verkefninu.

Starfsfólk

Haustið 2025 starfaði við skólann 71 starfsmaður, þar af 47 kennarar, 22 konur og 25 karlar. Fjöldi stöðugilda í kennslu er 41,2. Kennarar og stjórnendur við skólann hafa ýmist háskólamenntun eða iðnmeistararéttindi auk kennsluréttinda.

Nýtt skipurit var tekið í notkun á haustönn 2021, sjá mynd 5.



Mynd 5 Skipurit Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Yfirstjórn skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjórateymi. Við skólann starfa 11 deildarstjórar, þar af 7 konur og 4 karlar.

Við skólann eru starfandi ýmsar nefndir og ráð, svo sem öryggisnefnd, jafnréttisnefnd, sjálfsmatsnefnd, eineltisráð, áfallaráð, heilsueflingarteymi, gæðaráð, foreldraráð og skólaráð. Ráð og nefndir hafa skilgreind hlutverk, t.d. heldur heilsueflingarteymi úti heilsuviku á hverju hausti og skólaráð er samráðsvettvangur stjórnenda, nemenda og starfsfólks. Skólaráð kemur m.a. að því að halda skólafund árlega.

Við skólann er einnig skólanefnd sem var skipuð til fjögurra ára frá 24. mars 2025 af ráðherra, hún fundar alla jafna einu sinni á önn en oftar ef þurfa þykir.

Nemendaráð skólans er kosið á hverju vori og upplýsingar um skipun má sjá í kafla um félagslíf nemenda.

Jafnlaunavottun

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fylgir jafnlaunastefnu sem byggir á jafnréttisáætlun skólans. FNV hlaut jafnlaunavottun skv. jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 vorið 2020. Með vottuninni fær stofnunin staðfestingu á því að ákvarðanir í launamálum starfsfólks séu málefnalegar og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Til að vottun geti átt sér stað þarf að flokka öll störf innan skólans, greina störfin m.t.t. kjarasamninga og stofnanasamninga sem FNV hefur gert við stéttarfélög starfsfólks skólans. Skólinn stóðst endurvottunarúttekt í júní 2023.

Húsnæðismál

Bóknámshúsið var tekið í notkun árið 1994. Þar fer fram kennsla í bóklegum greinum og upplýsingatækni. Þar eru meðal annars aðalskrifstofa skólans, kaffi- og vinnustofa kennara og annars starfsfólks, tölvuver, bókasafn, félagsaðstaða nemenda, aðstaða til heimanáms og búnaður sem notaður er til kennslu í dreifnámsstofum á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.

Í verknámshúsi, sem einnig er nefnt hátæknimenntasetur, fer fram kennsla í vélvirkjun, rennismíði, bifvélavirkjun, vélstjórnarbraut A og B, rafvirkjun, grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, verknámsbraut húsasmíða og húsgagnasmíði. Þar er einnig lítil kaffistofa og Fab Lab-stofa sem er opin almenningi. Til langs tíma hefur verið mikil þörf á stærri verknámsaðstöðu og húsnæðið er löngu sprungið.

FNV hefur aðgang að íþróttahúsinu og sundlauginni á Sauðárkróki til íþrótta- og sundkennslu. Skólinn hefur einnig aðgang að líkamsræktarstöðinni Þreksport og Crossfit 550 (ekki á mynd) til líkamsræktar- og íþróttakennslu. Þá hefur skólinn aðgang að Reiðhöllinni Svaðastöðum til verklegrar kennslu í hesta- og reiðmennsku (ekki heldur á mynd).

Heimavist FNV er skammt norðan bóknáms- og verknámshúsa. Hún rúmar allt að 140 manns, ýmist í eins eða tveggja manna herbergjum sem eru öll með salerni og sturtu. Hægt er að kaupa netsamband á öll herbergi og þráðlaust netsamband er í anddyri. Heimavistin hefur nánast öll verið endurnýjuð. Mötuneyti er í húsinu fyrir nemendur og starfsfólk. Það er rekið af einkaaðila utan skólans og án fjárhagslegra tengsla við hann. Verið er að endurhanna tómstundaaðstöðu nemenda á heimavist.

Gæðastarf

Í skólanámskrá er að finna skólastefnu, kennslufræðilega stefnu, starfsmannastefnu, áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi, gæðastefnu, jafnréttisáætlun, heilsustefnu, forvarnastefnu, persónuverndarstefnu, stefnu um alþjóðlegt samstarf, launastefnu, jafnlaunastefnu, umhverfisstefnu og loftslagsstefnu.

Við skólann er starfandi gæðaráð sem í sitja stjórnendur, áfangastjórateymi og gæðastjóri.

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans og á að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoða þau, stuðla að umbótum og vinna þannig að með þau að þau verði hluti af starfs- og þróunaráætlunum. Nýta má sjálfsmat til að tryggja gæði skólastarfs og efla fagmennsku starfsfólks. Sjálfsmatsskýrslur og -áætlanir má finna hér: Skýrslur um skólastarfið


Kennslukannanir eru lagðar fyrir með reglulegu millibili og á haustönn 2025 voru lagðar fyrir áfangakannanir í öllum áföngum í tilraunaskyni. Hingað til hafa þær verið lagðar fyrir fyrirframskilgreinda hópa á hverri önn.

Rekstur

Launakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri skólans og þar á eftir húsnæðiskostnaður. Þessir tveir liðir mynda samtals 91% af heildarrekstrarkostnaði skólans árið 2025.

Laun	-1.012.631.703
Húsnæði	-268.378.499
Annað	-131.607.422
Sértekjur	136.487.432
Framlag ríkissjóðs	1.354.120.786
Niðurstaða rekstrar	**77.990.594**

Tafla 6 Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu ársins 2025



Mynd 6 Skipting rekstrargjalda Fjölbrautskóla Norðurlands vestra 2025

Ársreikningur 2025 var undirritaður í apríl og samkvæmt honum er rekstrarniðurstaða ársins 2025 jákvæð um tæpar 78 milljónir. Að einhverju leyti má rekja jákvæða niðurstöðu til þess að ekki hefur verið ráðið í öll stöðugildi sem hafa losnað að undanförnu.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda skipar venjulega stóran sess í skólastarfinu. Félagslífið hefur verið öflugt og hefur verið drifið áfram af metnaðarfullu nemendaráði. Leikritið Rocky Horror var hápunktur félagslífsins á vorönn 2025 og naut mikilla vinsælda. Auk sýninga á Sauðárkróki var það sett á svið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 9. og 10. maí við frábærar undirtektir.

Opnir dagar voru haldnir í mars. Á meðal dagskárliða opinna daga má nefna kvikmyndahorn, karókí, fifamót, förðun, morgunmatur á heimavistinni, Dungeons and Dragons, ritnefnd Molduxa, bandý, göngutúr, bollakökuskreytingar, skíðaferð, ljósmyndamaraþon, málmsmiðju, FabLab, LAN, spil og púsl, fjörmót hestabrautar, pöbbkviss, félagsvist, skotbolta, hestaferð, heimsókn til Skotfélagsins Ósmann og fleira. Árshátíð NFNV var í lok opinna daga og var þema kvöldsins Las Vegas.

Lið Gettu betur sem keppti fyrir hönd skólans haustið 2024 skipuðu Arna Ísabella Jóhannesdóttir, Markús Máni Gröndal og Steinunn Daníela Jóhannesdóttir. Á haustönn 2025 hófust æfingar á ný og þá skipuðu liðið þau Emma Katrín Helgadóttir, Snædís Katrín Konráðsdóttur og Daníel Smári Sveinsson og til vara Ingimar Eyberg Ingólfsson, Páll Pálmason og Lára Sigurðardóttir. Þau stóðu sig með prýði og komust í aðra umferð.



Mynd 7 Lið FNV í Gettu betur haustið 2025

Nemendaráð vor 2025 (skólaárið 2024–2025): Fannar Orri Pétursson formaður, Hrafnhildur Ísabella Harðardóttir varaformaður, Júlía Jara Ólafsdóttir gjaldkeri, Tómas Bjarki Guðmundsson íþróttafulltrúi, Sylvía Rós Rögnvaldsdóttir ritstýra, Ísak Agnarsson skemmtanastjóri og Anton Einar Mikaelsson tæknistjóri.

Nemendaráð haust 2025 (skólaárið 2025–2026): Steinunn Daníela Jóhannesdóttir og Markús Máni Gröndal, formenn, Jónas Atli Eyþórsson, varaformaður, Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir, gjaldkeri, Eyþór Bjarmi Rúnarsson íþróttafulltrúi, Arna Ísabella

Jóhannesdóttir ritstýra, Bríet Ingibjörg Mikaelsdóttir skemmtanastjóri og Anton Þorri Axelsson tæknistjóri.

Sauðárkróki, 1. maí 2026

Selma Barðdal Reynisdóttir
skólameistari